



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Miðvikudagur, 21. desember, 2011

Ákvörðun nr. 42/2011

Kaup Ölgerðar Egils Skallagrímssonar ehf. á Mjöll-Frigg ehf.

I.

Málavextir og málsmeðferð

Þann 28. nóvember 2011 barst Samkeppniseftirlitinu samrunaskrá þar sem fram kemur að Ölgerð Egils Skallagrímssonar (hér eftir Ölgerðin) kaupi allt hlutfé Mjallar-Friggjar ehf. (hér eftir MF). Fram kom að kaupin myndu eiga sér stað í tveimur þrepum, fyrst væri keypt 51% hlutfjár og eigi síðar en 1. mars 2014 væri 49% hlutfjár keypt. Fram kom í samrunaskrá að Ölgerðinni væri ætlað að starfa áfram með óbreyttu sniði og jafnframt myndu samrunaaðilar áfram starfa aðskildir og með óbreyttu sniði.

Tilkynningunni fylgdi samrunaskrá þar sem fram kemur að samrunaaðilar telji samrunann falla undir 6. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga og b. lið 7. gr. reglna Samkeppniseftirlitsins nr. 684/2008 um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum.

Þá fylgdi einnig samþykkt kautilboð, dags. 18. nóvember 2011 og fylgiskjal við það, dags. 28. október 2011, ásamt viðauka. Auk þess fylgdu með samrunaskránni ársreikningar samrunaaðila þar sem m.a. er að finna upplýsingar um veltu þeirra. Að mati Samkeppniseftirlitsins fela framangreindir gerningar í sér samruna í skilningi 4. og 17. gr. samkeppnislaga og fellur samruninn undir samrunaeftirlit 17. gr. laganna.

II.

Samruninn

Aðilar samrunans eru tveir, Ölgerðin og MF. Í samrunaskránni segir að starfsemi Ölgerðarinnar sé innflutningur, dreifing og sala matvæla og sérvöru. Ölgerðin skiptist í fjögur tekjusvið, Danól, Egils, Hressing og Gnótt, sem hvert hafi sitt afmarkaða og ákveðna hlutverk. Danól sé tvískipt, annars vegar matvara og hins vegar sérvara. Fram kemur að engar vörur á tekjusviði Danól tilheyri markaði með hreingerningarvörur (óvaranlegar heimilsvörur), selur Danól einungis hreinlætis- og snyrtivörur til persónulegra nota. Starfsemi Egils er tvískipt samkvæmt því sem fram kemur í samrunaskrá. Annars vegar sé um að ræða innflutningur og hins vegar framleiðslu gosdrykkja og áfengis. Hressing væri fyrirtækjaþjónusta Ölgerðarinnar, en Hressing sérhæfði sig í heildarlausnum í drykkjavöru og snarli fyrir vinnustaði. Gnótt heildsala á fyrirtækjasviði væri skipt upp í fjórar einingar, sem hver um sig hefði sitt afmarkaða svið.



Fram kemur í samrunaskrá að meginstarfsemi MF væri framleiðsla og sala á sápu, hreinsi- og þvottaefnum, hreingerningar- og fægiefnum.

Þá segir í samrunaskránni að Samkeppniseftirlitið hafi í ákvörðunum sínum ekki skilgreint sérstaklega markaði fyrir hreingerningarvörur. Í skýrslu Samkeppniseftirlitsins nr. 1/2001, „Matvörumarkaðurinn - Verðlagspróun í smásölu 1996-2000“, væru hreingerningarvörur flokkaðar aðallega sem „óvaranlegar heimilisvörur, sem væru aðallega vörur sem ætlaðar væru til hreingerninga, t.d. þvottaefni, uppþvottalögur og rúðuúði. Aðrar óvaranlegar heimilisvörur væru ýmsar rekstrarvörur til heimilisnota, s.s. plastpokar, eldhúsrúllur, álpappír og uppþvottaburstar.“

Að mati samrunaaðila væru landfræðilegir markaðir þar sem félögin starfi á a.m.k. landið allt og í einhverjum tilvikum stærri.

Að mati samrunaaðila gætir áhrifa samrunans ekki á framangreindum mörkuðum vegna lítillar markaðshlutdeildar.

Þá segir í samrunaskrá að samrunaaðilar byggi á því að samruninn hafi engin skaðleg áhrif á samkeppni. Þannig verði markaðshlutdeild samrunaaðila innan við 5% í kjölfar samrunans, sem geti aldrei talist skaðlegt samkeppni. Þess utan væru markaðsaðstæður á markaði þessa máls mjög hagfelldar samkeppni. Þannig séu aðgangshindranir litlar sem engar. Samkeppni í verði sé hörð og vitund neytenda um verðlagningu mikil. Samkeppnisaðilar séu auk þess fjölmargir og öflugir.

III.

Niðurstaða

Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna ber að líta til þess hvort samruninn hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða verði til eða slík staða styrkist, sbr. 17. gr. samkeppnislaga. Í 4. gr. samkeppnislaga kemur fram að markaðsráðandi staða sé fyrir hendi þegar fyrirtæki hefur þann efnahagslega styrk að geta hindrað virka samkeppni á þeim markaði sem máli skiptir og það geti að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppnauta, viðskiptavina og neytenda.

Eins og samrunaaðilar benda réttilega á hefur Samkeppniseftirlitið í ákvörðunum sínum til þessa ekki skilgreint sérstaklega markaði fyrir hreingerningarvörur. Athuganir Samkeppniseftirlitsins gefa ekki til kynna að þörf sé á að taka afstöðu til skilgreiningar markaðarins í máli þessu þar sem samkeppnisleg áhrif samrunans eru takmörkuð.

Að undangenginni athugun og með hliðsjón af gögnum málsins er það mat Samkeppniseftirlitsins að samruni Ölgerðarinnar og MF muni ekki hafa skaðleg áhrif á samkeppni. Því er ekki ástæða til að aðhafast frekar vegna kaupa Ölgerðarinnar á öllu hlutfé í MF á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.



IV.

Ákvörðunarorð:

„Með samþykktu kaupþilboði, dags. 18. nóvember 2011, og fylgiskjal við það, dags. 28. október 2011, ásamt viðauka keypti Ölgerð Egils Skallagrímssonar ehf. allt hlutafé í Mjöll-Frigg ehf. Samkeppniseftirlitið telur að ekki sé ástæða til að aðhafast frekar vegna umrædds samruna á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.“

Samkeppniseftirlitið

Páll G. Pálsson